

Fundur í Brekkuskóla 22. október 2012

Fundur í Beta deild 22. október 2013 í Brekkuskóla.

Mættar voru 20 konur. Ragnheiður Stefánsdóttir kveikti á kertum og Jónína skilaði kveðjum frá fjarstöddum Beta konum og frá Guðbjörgu Sveinsdóttur Landssambandsforseta.

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Orð til umhugsunar
3. Fundargerð síðasta fundar lesin
4. Erindi frá stjórn.
5. Önnur mál.
6. Konur fræða konur. Svanfríður Jónasdóttir fjallar um stjórnsmál og félagsmál.
7. Kaffi og happdrætti(Sigríður Magnúsdóttir fékk síðasta vinning)
8. Fundi slitið

2. Orð til umhugsunar. Eygló var með orð til umhugsunar og fjallaði um árstíðirnar og þá sérstaklega vor- og haustkomuna og hvernig við upplifum árstíðirnar með mismunandi hætti eftir búsetu. Sveitabarnið fylgist með kvakinu í mófuglunum á vorin meðan hún sem bjó í Eyjum leitaði eftir hvort bjargfuglinn væri sestur upp í björgin. Sama má segja um haustkomuna. Er það að sópa lauf af gangstétt? Eða eru það haustlitirnir? Hún merkti að haustið væri á næsta leyti síðla í ágúst þegar lundapysjurnar byrjuðu að fljúga yfir bæinn og börnin söfnuðu þeim saman og björguðu á haf út. Hér á Akureyri er mikill gróður og fyrir marga eru það haustlitirnir sem gefa til kynna að haustið sé komið. En til að fanga hina fullkomnu hausttilfinningu hjá Eygló þyrftu að vera bjargfuglar við pollinn. Eftir þessar vangaveltur las Eygló ljóð um haustið eftir Pál Ólafsson og Finn Torfa Hjörleifsson. Þá las hún einnig ljóðið „Vorsól“ eftir Guðrúnu Valdimarsdóttur og „Íslenskt vor“ eftir Þorgerði Mattíu.

3. Fundargerð síðasta fundar var lesin með smá breytingu.

4. Erindi frá stjórn. Fríða Pétursdóttir og Sigríður Magnúsdóttir ákváðu að gefa kost á sér í samskipta og útgáfunefnd ásamt tveimur konum úr Mý deild, þeim Dagnýju og Dagbjörtu. Fundargerð framkvæmdarráðs er komin á vefinn. Jólafundurinn sem við höldum með Mý deild verður færður til 3. desember og munu stjórnir þessara deilda hittast 12. nóvember og ákveða dagskrána. Einnig var rætt um hvort við ættum ekki að fjölga í deildinni og veltu konur fyrir sér þá helst í hvaða starfsstétt innan skólanna það ætti að vera og komu hugmyndir m.a. um leikskólakennara, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðinga og tónlistarskólakennara. Samþykkt var að við ættum endilega að fjölga konum í Beta deild og nota smá tíma á bókafundinum í janúar til kynningar á þeim tillögum sem sendar yrðu stjórn og útbreiðslunefnd. En skilafrestur á tillögum er til 15. desember 2013. Eftir kynningu á konum á bókafundinum fáum við frest til umhugsunar og koma með athugasemdir varðandi þær ef einhverjar eru á næsta fundi. Það hefur fækkað um eina í útbreiðslunefndinni og óskað var eftir einni konu til starfa með þeim Rósu og Fríðu fram á vor. Þá var einnig óskað eftir húsaskjóli fyrir bókafundinn í janúar.

Margrét Jónsdóttir gjaldkeri talaði um félagsgjöldin sem eru 13.000 kr. og megum við borga 8000 kr. núna og 5000 kr. í janúar en muna að senda skýringu til hennar í tölvupósti.

5. Önnur mál. Ragnheiður Stefánsdóttir sagði okkur frá heimsókn hennar og Minniear til Margrétar Alberts og þökkum við þeim innilega fyrir að heimsækja hana fyrir hönd Beta deildar. Þorgerður minnti okkur á kökudiska sem eru í óskilamunum frá því í erfidrykkju Þórunnar Bergs. Eygló sagði okkur frá Iota deild á Ísafirði en þær ætla að halda ráðstefnuna „Á flekamótum“ sem haldin var á landssambandsþingi DKG síðastliðið vor, fyrir vestan.

6. Konur fræða konur: Stjórnmal og félagsmal. Við fengum Svanfríði Ingu Jónasdóttur bæjarstjóra á Dalvík til okkar. Hún byrjaði á að segja okkur eilítið frá sjálfri sér. Hún er mamma og amma, er kennari, var alþingiskona, ráðherra, og er nú bæjarstjóri á Dalvík. Eftir þessa skemmtilegu kynningu talaði hún um “opinbera kerfið” og “óopinbera kerfið”. Í því samhengi sagði hún okkur frá Kvenfélaginu Tilraun í Svarfaðardal sem er 100 ára um þessar mundir. En þegar kvenfélögin á Íslandi voru upp á sitt besta má segja að þá hafi þau verið okkar Almanna tryggingakerfi. Þær sáu um hjálp við bágstadda, heimilishjálp, fæðingarhjálp og þannig mætti lengi telja. En í dag eru þessi störf sem þær unnu allar í sjálfböðavinnu orðin að opinberum störfum. Hún talaði einnig um að konur hafi þurft að berjast fyrir rétti sínum til menntunar og einnig fyrir lagalegum réttindum sínum s.s til fæðingarorlofs, fóstureyðinga og hjúskaparlaga. Íslenskar konur hafa verið mjög duglegar á vinnumarkaðinum. Árið 1920 var atvinnuþátttaka kvenna 35% , 1980 um 65% og á síðasta ári vorum við um 80% = mest í heimi. Ef konur vilja láta til sín taka og koma sínum málefnum á framfæri í samfélaginu þá er um að gera að komast í sveitastjórn. Þar geta þær haft áhrif á þeim málefnum sem oftast brenna á vörum þeirra. Þ.e. málefni fjölskyldna, leikskóla, grunnskóla og fleira. Þess má geta að þegar þessi fundargerð er endurrituð og yfirfarin hefur Svanfríður verið sæmd hinni íslensku fálkaorðu fyrir störf sín að sveitarstjórnarmálum.

7. Kaffið var í boði Sigríðar, Ingibjargar, Anítu og Halldóru. Happraðttisvinninginn að þessu sinni fékk Jónína. Þá var pyngjan góða látin ganga og fundi slitið kl. 22:00.

Ritari María Gunnarsdóttir.